

Fundargerð

ÁRSFUNDAR

Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2024

Haldinn mánudaginn 13. maí 2024 kl. 14:00

í Sigtúni 42, Reykjavík

Formaður stjórnar, Auður Kjartansdóttir, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundargestir voru alls 20, stjórn, starfsmenn og gestir þar með taldir.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar Auður Kjartansdóttir flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Ágætu sjóðfélagar og aðrir fundagestir.

Ég mun nú fara yfir helstu þætti í rekstri Brúar lífeyrissjóðs á liðnu ári.

Aðstæður á verðbréfamörkuðum voru nokkuð sveiflukenndar á árinu 2023. Til að stemma stigu við vaxandi verðbólgu hækkaði Seðlabanki Íslands meginvexti sína um 3,25% á árinu eða úr 6% í 9,25%. Þær hækkarnir höfðu mikil áhrif bæði á innlendan skuldabréfamarkað og innlendan hlutabréfamarkað sem átti frekar erfitt uppráttar á árinu. Erlendir markaðir áttu hins vegar afar gott ár og skiluðu sjóðnum góðri ávöxtun. Afkoma sjóðsins á árinu var því betri en útlit var fyrir en nafnávöxtun sjóðsins endaði í 10,6% og raunávöxtunin nam 2,4% þar sem verðbólga ársins var enn há eða um 8%. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og hefur ávöxtun sjóðsins síðustu ár verið góð fyrir utan árið 2022 en 10 ára meðaltali raunávöxtunar er nú 3,4% sem er nálægt því viðmiði sem lífeyrissjóðir nota við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu.

Í árslok 2023 námu heildareignir sjóðsins rúmum 393 ma.kr. en þær hækkuðu um rúmar 54,6 ma. kr. á milli ára. Iðgjöld ársins námu 30 ma.kr og lífeyrisgreiðslur 12,1 ma.kr. Þannig að nettó innflæði frá sjóðfélögum og launagreiðendum var 17,9 ma.kr. Fjárfestingaeignir skiluðu tekjum sem námu 37,5 ma.kr. og rekstrarkostnaður ársins var um 716 m.kr. Nánar verður greint frá ársreikningi sjóðsins síðar á fundinum.

Í fyrsta sinn er sjóðurinn að veita upplýsingar í ársreikningi um hversu stórt hlutfall af eignum sjóðsins teljast vera grænar eignir í samræmi við flokkunarreglugerð ESB. Reglugerðin tók gildi 1. júní 2023 og er innleiðing hennar skammt á veg komin og því upplýsingar fyrirtækja af skornum skammti.

Innleiðing á sjálfbærni í rekstri og fjárfestingum sjóðsins er vegferð sem er rétt að hefjast. Í dag gáfum við út árs- og sjálfbærnisráðgjafur fyrir árið 2023 en hana má finna á heimasíðu sjóðsins. Skýrslan er liður í því að upplýsa hagaðila sjóðsins um hvernig okkur miðar í þessari vegferð. Við viljum stuðla að sjálfbærni í samfélaginu og horfa til umhverfismála, félagslegra þátta og

stjórnarháttá. Á árinu 2023 tók til starfa hjá sjóðnum sérfræðingur í sjálfbærni sem mun hjálpa sjóðnum að móta sjálfbærnistefnu og fylgja eftir framkvæmd hennar.

Samþykktarbreytingar

Tryggingafræðileg staða A deildar í lok árs 2022 var 10,8% í halla og því varð stjórn að grípa til aðgerða og breyta samþykktum sjóðsins í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings. Í upphafi ársins 2023 voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins annar vegar vegna hækkunar á lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóða og hins vegar voru gerðar breytingar á aldurstengdri réttindaávinnslu bæði í A og V deild. Ávinnsla réttindanna var lækkuð þar sem nú liggur fyrir spálíkan sem gerir ráð fyrir lengri lífaldri landsmanna og hafa því samþykktirnar nýjar réttindatöflur sem taka mið af bæði aldri og fæðingarári. Aftur voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins í lok ársins en þá voru framtíðarréttindi í jafnri ávinnslu A deildar lækkuð en að auki voru áunnin réttindi í A og V deild lækkuð um 10%.

Samkvæmt lögum taka réttindi ákveðinna sjóðfélaga í A deild ekki breytingum og eru réttindi þeirra tryggð af launagreiðendum. Um er að ræða annars vegar sjóðfélaga sem voru komnir á lífeyri fyrir 1. júní 2017 og hins vegar sjóðfélaga sem voru orðnir 60 ára á sama tíma. Í byrjun þessa árs hóf sjóðurinn að innheimta framlag hjá launagreiðendum sem nemur 10% af greiddum lífeyrir þessara sjóðfélaga. Reikna má með að árlegt framlag launagreiðenda verði um 600 m.kr. en innheimta þessi verður til næstu áratuga eða þar til lífeyrisgreiðslur þessara aðila falla niður.

Samhliða breytingunum á samþykktunum var tekin í notkun reiknivél fyrir lífeyri. Hún gefur sjóðfélögum betri yfirsýn yfir lífeyrisréttindi miðað við mismunandi forsendur eins og tekjur, aldur og breytingu á vísitölu. Jafnframt auðveldar hún sjóðfélögum að taka upplýstar ákvarðanir um lífeyristöku og val á deildum sjóðsins.

Tryggingafræðileg staða

Það er jákvætt að þær mótvægisáðgerðir sem sjóðurinn greip til á árinu og góð ávöxtun hafi skilað tilætluðum árangri en tryggingafræðileg staða A deildar hefur gjörbreyst milli ára. Eignir A deildar umfram skuldbindingar eru nú 3,2 ma.kr. eða jákvæð staða sem nemur 0,6%. Það sama má segja um stöðu V deildar en hún er einnig jákvæð um 704 m.kr. eða sem nemur 0,5%.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins, Bjarni Guðmundsson, mun greina frá tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins síðar á fundinum.

Lífeyrisaukasjóður og varúðarsjóður

Við breytingu á A deildinni árið 2017 var innheimt framlag í lífeyrisaukasjóð frá launagreiðendum en sá sjóður á að standa undir jafnri ávinnslu réttinda. Sjóðurinn er hluti af hreinni eign A deildar og ávaxtast með sama hætti og aðrar eignir deildarinnar. Til grundvallar færslum úr lífeyrisaukasjóði er árlega reiknuð breyting á skuldbindingu miðað við jöfn réttindi annars vegar og breytingu á skuldbindingu miðað við aldursháð réttindi hins vegar og er mismunurinn þar á milli framlag ársins.

Þegar lífeyrisaukasjóðurinn var upphaflega reiknaður var hvorki gert ráð fyrir breytingum á töflum um lífslíkur eða örorku né launahækkunum í framtíðinni. Stjórnendur og tryggingastærðfræðingur sjóðsins bentu á þessa vankanta í reikniverki lífeyrisaukasjóðsins í aðdraganda lagabreytinganna en lífeyrisaukasjóðurinn hefur ekki staðið undir jafnri ávinnslu réttinda eins og til stóð.

Á sama tíma var einnig innheimt framlag í varúðarsjóð en honum var ætlað að standa að baki lífeyrisaukasjóðnum þ.e.a.s. ef eignir þess sjóðs myndi ekki duga. Í lok árs 2023 ákvað matshópur

sem skipaður var fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga, BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands að ráðstafa öllum fjármunum varúðarsjóðs eða um 3,9 ma.kr. í lífeyrisauksjóð til að mæta skuldbindingum hans þar sem tryggingafræðileg staða sjóðsins var búin að vera neikvæð um meira en 10% í fimm ár. Sjóðurinn hefur bent stofnaðilum sjóðsins á að tímabært er að hefja viðræður við launagreiðendur um hvernig bregðast eigi við stöðunni.

Þær samþykktarbreytingar sem gerða voru á árinu höfðu einnig áhrif á tryggingafræðileg stöðu lífeyrisaukasjóðsins en í árslok 2023 var staða lífeyrisaukasjóðsins jákvæð um 1,8 ma.kr. en í árslok 2022 en var staðan neikvæð um 23,9 ma.kr.

Sjóðfélagalán

Met eftirspurn var eftir lánum sjóðsins en á árinu voru afgreidd 914 lán og nam heildarfjárhæð þeirra tæpum 27 milljörðum króna en heildarfjárhæð sjóðfélagalána nam í árslok um 65,7 ma.kr. Í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins varð sjóðurinn að bregðast við þessari miklu eftirspurn lána og breyta lánareglum sínum.

Sameining

Fyrirhuguð er sameining Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar við sjóðinn en stjórnir beggja sjóðanna hafa samþykkt viljayfirlýsingu um sameiningu frá 1. janúar 2024. Brú lífeyrissjóður hefur séð um umsýslu sjóðsins allt frá árinu 1998.

Sameiningin er hugsuð þannig að Brú lífeyrissjóður stofnar nýja deild en í þá deild færast rekstur, eignir, skuldir og skuldbindingar sjóðsins og mun bakábyrgð Reykjavíkurborgar aðeins ná yfir þá deild.

Ljóst er að umtalsverður fjárhagslegur ávinningur mun nást með sameiningu sjóðanna en jafnframt mun sameiningin skapa tækifæri til að bæta rekstur sjóðanna enn frekar með betri nýtingu starfsfólks.

Megin forsendan fyrir sameiningu lífeyrissjóðanna er að réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga til framtíðar verður óbreytt sem og bakábyrgð Reykjavíkurborgar.

Tillagan um sameininguna er í vinnslu hjá Reykjavíkurborg sem er bakábyrgðaraðili sjóðsins en niðurstöðu má vænta á næstu mánuðum.

Stjórn

Í byrjun ársins 2024 sagði Sonja Þorbergsdóttir sig úr stjórn sjóðsins en í hennar stað kom Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Vil ég nota þetta tækifæri og þakka Sonju fyrir afar góð störf fyrir sjóðinn og gott samstarf í gegnum árin.

Á árinu 2023 voru haldnir 13 stjórnarfundir og hefur starf stjórnar gengið vel og vil ég nota þetta tækifæri og þakka bæði stjórn og starfsfólki sjóðsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfaði á árinu samkvæmt sínum starfsskyldum og fundaði nefndin fimm sinnum á árinu og er nefndarfólki hér þakkað fyrir sínu góðu störf fyrir sjóðinn.

Hef ég nú lokið máli mínu og því legg ég til að Þóra Jónsdóttir verði fundarstjóri þessa ársfundar og fundarritari Birna Bjarnþórsdóttir. Fyrst það er samþykkt þá vil ég biðja Þóru um að taka við fundarstjórn og Birnu að rita fundinn.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir, en ársfundurinn var auglýstur á heimasíðu sjóðsins og í Morgunblaðinu þann 25. apríl sl. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlið sem er yfirferð framkvæmdastjóra á ársreikningi sjóðsins.

2. Ársreikningur 2023

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2023 og greindi jafnframt frá því að hann væri birtur á heimasíðu sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn með fyrirvaralausri áritun.

Árs- og sjálfbærnisýrsla sjóðsins er gefin út í vefútgáfu. Þar gefst lesendum tækifæri á að skoða tölulegar upplýsingar Brúar með gagnvirkum hætti fyrir sjóðinn í heild sinni og fyrir hverja deild. Markmiðið með vefútgáfu skýrslunnar er að upplýsingarnar séu settar fram á einfaldan, skýran og upplýsandi hátt.

Brú starfrækir þrjár samtryggingardeildir, A og V deild og svo B deild sem samanstendur af sjö réttindasöfunum sem eru með bakábyrgð viðkomandi sveitarfélaga.

Afkoma sjóðsins á árinu 2023 var betri en gert var ráð fyrir en hrein eign sjóðsins hækkaði um 54,6 ma.kr. á milli ára sem samsvarar nafnávöxtun upp á 10,6% og raunávöxtun 2,4%. Iðgjöld ársins námu 30,0 ma.kr. og lífeyrisgreiðslur 12,1 ma.kr. þannig að nettó innflæði frá sjóðfélögum og launagreiðendum var 17,9 ma.kr. Fjárfestingaeignir skiluðu tekjum sem námu 37,5 ma.kr. og rekstrarkostnaður ársins var um 716 m.kr.

Virkir sjóðfélagar voru 21.760 að meðaltali á árinu 2023 og fjölgaði þeim um 322 í A deild og 153 í V deild en í B deild fækkaði þeim um 28, en um 126 þúsund einstaklingar áttu réttindi í sjóðnum í árslok 2023. Lífeyrisþegum fjölgaði í öllum deildum sjóðsins, í A deild um 863, í V deild um 250 og í B deild um 60. Á árinu 2023 voru lífeyrisþegar hjá Brú lífeyrissjóði að meðaltali 11.420 samanborið við 10.415 á árinu 2022.

Við yfirferð á iðgjöldum og lífeyri kom fram að iðgjöld sjóðfélaga á árinu 2023 voru 22,5 ma.kr. og hækkuðu um 2,2 ma.kr. milli ára eða 10,9%. Sérstök aukaframlög á árinu voru 7,6 ma.kr. samanborið við 3,0 ma.kr. 2022 en meðtalinn er í aukaframlögum 2023 er innleystur varúðarsjóður inn í A deild að fjárhæð 3,9 ma.kr. Lífeyrisgreiðslur á árinu 2023 voru 12,1 ma.kr. og hækkuðu um 1,9 ma.kr. frá fyrra ári eða um 19,2%. Ellilífeyrir vegur sem fyrr þýngst og var 73,3% af greiddum lífeyri á árinu, örorkulífeyrir 20,2% og makalífeyri 5,0%.

Hreinar fjárfestingatekjur hækkuðu um 53,4 ma.kr. á milli ára og voru jákvæðar um 37,5 ma.kr. á árinu 2023 samanborið við neikvæðar um 15,9 ma.kr. á árinu 2022. Viðsnúningur í fjárfestingatekjum eignarhluta skýra að stórum hluta breytingu milli ára en aðstæður á verðbréfamörkuðum voru nokkuð sveiflukenndar á árinu 2023. Til að stemma stigu við vaxandi verðbólgu hækkaði Seðlabanki Íslands meginvexti sína um 3,25% á árinu eða úr 6% í 9,25%. Þær hækkanir höfðu mikil áhrif bæði á innlendan skuldabréfamarkað og innlendan hlutabréfamarkað sem átti frekar erfitt uppdráttar á árinu. Erlendir markaðir áttu hins vegar afar gott ár og skiluðu

sjóðnum góðri ávöxtun. Hafa ber þó í huga að gangvirðisbreytingar eignahluta eru að mestu leyti óinnleystar eða 23,1 ma.kr. og óinnleystar gangvirðisbreytingar skuldabréfa voru -2,4 ma.kr.

Sjóðurinn er langtímafjárfestir og hefur ávöxtun sjóðsins síðustu ár verið góð fyrir utan árið 2022 en 10 ára meðaltalið er nú 3,4% sem er nálægt því viðmiði sem lífeyrissjóðir nota við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sem er 3,5%.

Fjárfestingargjöld lækka milli ára annað árið í röð. Bein fjárfestingagjöld voru 76,3 m.kr. á árinu 2023 og lækkuðu um 19,4 m.kr. milli ára sem skýrist m.a. sveiflukenndri innheimtu þóknana BlackRock en önnur fjárfestingargjöld lækka einnig vegna lægri kaup- og sölubóknana sem skýrist af því að fjárfest var meira erlendis á árinu 2023 en árið áður en þóknanir eru lægri þar. Óbeinar fjárfestingaþóknanir námu um 692,1 m.kr. og lækkuðu um 38,8 m.kr. á milli ára sem skýrist m.a. af lægri árangurstengdum þóknunum.

Rekstrarkostnaður ársins var um 716 m.kr. og hækkaði um 121 m.kr. milli ára. Launakostnaður nam 458,6 m.kr., um 64% af rekstrarkostnaði og hækkaði um kr. 45,1 m.kr. milli ára. Kostnaður við upplýsingatækni var 195,7 m.kr. og hækkaði um 92,4 m.kr. milli ára. Hækkunina má rekja til notendasamnings, uppfærslugjalds og keyptrar aðstoðar vegna réttindakerfis en einnig nýrrar þjónustu eins og lífeyrisreiknivélar, innleiðingu á tryggingakerfi, uppfærslu á kerfum, vefþjónustu og endurnýjunar tölvubúnaðar.

Við yfirferð á efnahagsreikningi kom fram að hrein eign sjóðsins í lok árs 2023 var 393,2 ma.kr. og hækkaði um 54,6 ma.kr. milli ára. Fjárfestingaeign sjóðsins nam alls 385,7 ma.kr. í lok árs 2023 og hækkaði um 55,8 ma.kr. á árinu. Hlutabréfaeign sjóðsins hækkaði um 33,6 ma.kr. og skuldabréfaeign um 22,2 ma.kr. þar af hækkuðu útlán um 18,5 ma.kr.

Kröfur og aðrar eignir í árslok 2023 voru 3,3 ma.kr. en 2,2 ma.kr. í árslok 2022 og er stærsti hluti krafna iðgjaldakröfur. Sjóður og veltiinnlán voru 4,8 ma.kr. í árslok 2023 en 7,9 ma.kr. í lok árs 2022. Skuldir í árslok voru 0,6 ma.kr. en 1,4 ma.kr. í árslok 2022.

Ávöxtun ársins 2023 var mun betri en á árinu á undan. Meðalraunávöxtun sjóðsins á árinu 2023 var 2,4%, síðustu 5 ára 2,3% og síðustu 10 ára 3,4%. Raunávöxtun A og V deildar á árinu 2023 var um 2,4% en 1,4% í B deild. Við yfirferð á fjárfestingaeign kom fram að samsetning eigna A og V deildar er sú sama, þar sem eignum deildanna er stýrt sameiginlega. Samsetning eigna er önnur í B deild á þann veg að vægi eignarhluta í félögum er minna og vægi skuldabréfa meira.

Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárliðina.

Engar spurningar. Kynntur var næsti dagskrárliður og bauð fundarstjóri Bjarna Guðmundssyni tryggingafræðing sjóðsins að kynna niðurstöður sínar um tryggingafræðilega athugun.

3. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson fór yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins í árslok 2023.

Árlega er gerður samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris. Skuldbindingar sjóðsins ráðast af þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa aflað sér en tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum er byggt á forsendum sem háðar eru óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga. Vænt niðurstaða er metin með tölfræðilegum líkönum.

Helstu forsendur útreikninga tryggingafræðilegra athugana eru ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, nr. 391/1998 en þær forsendur sem vega þyngst eru vextir og lífslíkur.

Reikniforsendur eru óbreyttar frá því sem var á síðasta ári en breytingar voru gerðar á samþykktum A og V deildar á árinu 2023. Í upphafi árs voru gerðar breytingar á aldurstengdri réttindaöflun bæði í A og V deild en réttindin frá 1. febrúar eru háð fæðingarári sjóðfélaga og aldri. Í lok árs voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins sem fól í sér lækkun á jöfnum réttindum. Þá voru áunnin réttindi bæði í A og V deild lækkuð um 10%.

Reiknigrundvöllur við mat á eftirlauna- og örorkuskuldbindingum byggir á reiknilíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um lækkun dánartíðni til framtíðar. Forsendur um mat á örorkutíðni A og V deildar eru óbreyttar frá því sem var fyrir athugun ársins 2022 en miðað er við 65% af meðaltali nýgengi örorku fyrir karla og 85% fyrir konur. Í B deild er miðað við 100% af meðaltali hjá körlum en 67% hjá konum. Við mat á rekstrarkostnaði í B deild er notuð fráviksaðferð þar sem líftími deildarinnar er styttri en líftími sjóðs sem er opinn nýjum sjóðfélögum þannig að mat á kostnaði til framtíðar er miðað við hlutfall af skuldbindingum sjóðsins í lok árs en ekki þriggja ára meðaltal sem felur í sér lækkun á rekstrarkostnaði.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar V deildar í árslok 2023 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2023 var 69,5 ma.kr. og hækkaði um 5,4 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg eign V deildar í árslok 2023 var 68,8 ma.kr. og hækkaði um 13,5 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 0,7 ma.kr. lægri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til eftirlaunaaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding jákvæð um 0,7 ma.kr. eða um 0,5% af heildarskuldbindingunni. Þróun skuldbindinga er almennt í samræmi við væntingar og ávöxtun miðað við endurmetna eign er umfram 3,5%.

Staða V deildarinnar er komin í jafnvægi og ánægjulegt að aðgerðir sem sjóðurinn greip til hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar B deildar í árslok 2023 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2023 var 73,0 ma.kr. og hækkaði um 3,4 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg staða B deildar var neikvæð um 16,2% í árslok 2023 ef tekið er tillit til viðbótariðgjalds launagreiðenda. Heildareignir voru 62,1 ma.kr. og heildarskuldbindingar 74,1 ma.kr. og nemur því hallinn 12,0 ma.kr. Til að standa undir lífeyrisgreiðslum greiða launagreiðendur viðbótaiðgjald sem er ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum í hverju réttindasafni. Í tryggingafræðilegri athugun er tekið tillit til þessara framlaga og þau færð sem eign sem nemur um 46,4 ma.kr.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar A deildar sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2023 var 294,4 ma.kr. og hækkaði um 20,4 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg eign A deildar í árslok 2023 var 315,5 ma.kr. og hækkaði um 53,0 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 21,1 ma.kr. hærri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til eftirlaunaaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding jákvæð um 3,2 ma.kr. eða um 0,6% af heildarskuldbindingunni. Eins og fram hefur komið þá var varúðarsjóður að fjárhæð 3,9 ma.kr. lagður við lífeyriaukasjóðinn. Þróun skuldbindinga er í samræmi við væntingar og ávöxtun miðað við endurmetna eign umfram 3,5%.

Staða A deildar sjóðsins er komin í jafnvægi og ánægjulegt að sjá að þær breytingar sem gerðar voru til að rétta við stöðu sjóðsins hafi skilað sér eins og til var ætlast.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlið. Engar spurningar. Fundarstjóri bauð Svandísi Rún Ríkarðsdóttur, sviðstjóra eignastýringar að fara yfir næsta dagskrárlið.

4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt

Svandís Rún Ríkarðsdóttir, sviðsstjóri eignastýringar, kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2024 og benti á að stefnan í heild er birt á heimasíðu sjóðsins en þar er einnig að finna upplýsingar um mánaðarlega eignastöðu sjóðsins.

Fram kom að markmið stjórnar er að sjá til þess að fé sjóðsins sé ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum sem í boði eru á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu með það að markmiði að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðfélögum. Áhersla er lögð á að byggja upp eignir sjóðsins með faglegum hætti og vanda til þeirrar vinnu sem liggur að baki ákvörðunum um fjárfestingar. Eignasamsetning sjóðsins er í samræmi við lög og fjárfestingastefnu, stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefnu sjóðsins. Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er litið til stefnu um eignaflokka, núverandi ávöxtunar og væntanlegrar útgáfu og annarra þátta sem talið er að kunni að hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og möguleika sjóðsins til ávöxtunar á komandi ári.

Haustið 2021 skrifaði Brú undir viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) um fjárfestingu fyrir 323 milljónir Bandaríkjadala, eða rúmlega 42 milljarða króna, í verkefnum sem tengjast hreinni orku og loftlagstengdum verkefnum fram til ársins 2030. Í eignasafni sjóðsins eru nú þegar fjárfestingar fyrir rúmlega 13 milljarða króna sem flokkast undir skilgreiningu slíkra grænna fjárfestinga og áhersla á grænar fjárfestingar er í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

Hluthafastefna sjóðsins endurspeglar áherslur sjóðsins hvað varðar góða og ábyrga stjórnarhætti og viðmið um beitingu atkvæða á hluthafafundum. Upplýsingar eru birtar á vef sjóðsins um hvernig sjóðurinn hefur greitt atkvæði á hluthafafundum í hverju skráðu félagi fyrir sig.

Horft er til þess í fjárfestingastefnu sjóðsins 2024 fyrir A og V deild að auka áfram við eignir í erlendum hlutabréfum og er vægi þess eignaflokks í 28% og vægi innlendra hlutabréfa í 17%. Hlutfall fjárfestinga í innlendum skuldabréfum og innlánnum dregst aftur á móti saman og fer í 31%. Vægi fasteignaveðtryggðra skuldabréfa hækkar og fer í 17% en vægi fagfjárfestasjóða er óbreytt í 7%. Vægi skuldabréfa og innlána í A og V deild dregst þannig saman og fer í 48% úr 50% en vægi hlutabréfa og fagfjárfestasjóða eykst og fer í 52% úr 50%.

Horft til næstu 5 ára má reikna með að í lok þess tímabils verði um 40% af eignasafni AV deildar skuldabréf og innlán og 60% hlutabréf og fagfjárfestasjóðir, og þar af 17% í innlendum hlutabréfum, 35% í erlendum hlutabréfasjóðum og 8% í fagfjárfestasjóðum.

Fjárfestingastefnan fyrir B deildina er sem fyrr varkár en markmiðið er að ekki reyni frekar á bakábyrgð sveitarfélaganna. Í fjárfestingarstefnunni hækkar hlutfall skuldabréfa og innlána hjá B deild og fer í 66% en vægi hlutabréfa og fagfjárfestingarsjóða lækkar og fer í 34%. Horft er til þess í stefnunni að auka aðeins við eignir í erlendum hlutabréfum í 23% en minnka vægi innlendra hlutabréfa í 11%. Horft er til næstu 5 ára má reikna með að í lok þess tímabils verði um 70% af eignasafni B deildar skuldabréf og innlán og 30% hlutabréf og fagfjárfestasjóðir.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlið.

Engar spurningar. Fundarstjóri fór yfir næsta dagskrárlið.

5. Breytingar á samþykktum sjóðsins

Gildandi samþykktir sjóðsins eru frá 1. janúar 2024.

Tryggingafræðileg staða A deildar í lok árs 2022 var í 10,8% í halla og því varð stjórn að grípa til aðgerða og breyta samþykktum sjóðsins í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings til að koma deildinni í jafnvægi.

Stjórn samþykkti breytingar á samþykktum sjóðsins þann 9. janúar og aftur þann 16. október.

Í upphafi árs 2023 voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins, annars vegar var lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða í V deild hækkað úr 12,0% í 15,5% og hins vegar voru gerðar breytingar á aldurstengdri réttindaávinnslu bæði í A og V deild. Ávinnsla réttinda til framtíðar var lækkuð þar sem fyrir liggur spálíkan sem gerir ráð fyrir lengri lífaldri landsmanna og taka nýjar réttindatöflur mið af bæði aldri og fæðingarári.

Breytingar á samþykktum sjóðsins í október fólust í því að framtíðarávinnsla í jafnri ávinnslu í A deild var lækkuð úr 1,9% í 1,8% og viðmiðunaraldur við töku lífeyris var hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Einnig voru áunnin réttindi í A og V deild lækkuð um 10%.

Engar breytingar voru í B deild sjóðsins.

6. Önnur mál

Engin tillaga var lögð fram um önnur mál.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir í lok fundarins.

Fundarstjóri lagði til að hún og fundarritari fengju leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og bauð formanni stjórnar orðið til að slíta fundi.

Formaður stjórnar þakkaði stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og framsögumönnum og gestum fyrir góðan fund og erindi og sleit að því loknu fundinum.

Fundi slitið kl. 14:45.

Póra Jónsdóttir, fundarstjóri

Birna Bjarnpórsdóttir, fundarritari